

Bjarni Sæmundsson

Nokkur minningarorð

Eftir dr. Helga Pjeturss

Mbl. nóv. 1940.

I.

Allir sem mætur höfðu á Bjarna Sæmundssyni munu vera þakklátir dr. J. H., Árna Friðrikssyni fiskifræðingi og Jóhannesi Áskelssyni jarðfræðingi og náttúrusögukennara, fyrir ágætar minningargreinar í Vísi, Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu. Og er það sannast að segja, að mikið lof má um Bjarna Sæmundsson rita áður um of sje. Hann var fyrirmyndarmaður. Frábær að iðjusemi, reglusemi og skyldurækni. Hann var í tölu mestu námsmanna Latínuskólans, næstefstur í sínum bekk (en efstur var Sigurður Pjetursson frá Sjávarborg, mesti latínumaður skólans, og þykir mér trúlegt, að latínan muni því valdið hafa, að Bjarni komst ekki upp fyrir hann). Við háskólann kom þó jafnvel einþá betur í ljós hver námsmaður Bjarni Sæmundsson var; vissi jeg engan er námið sækti fastar en hann, eða lyki því pófi á jafnskömmum tíma, frá hausti 1889 til vors 1894; voru þó í hópi náttúrufræðistúdenta ýmsir framúrskarandi námsmenn, með ágætiseinkunn til stúdentsprófs. Prófið sem Bjarni tók, hjét Skoleembeds-examen i Naturhistorie og Geografi med Fysik og Kemi som Bifag og Speciale i Zoologi. Var því eftirtektarverðara að Bjarni skyldi þar vera á undan öðrum, sem nám þetta hlaut af ýmsum ástæðum að vera Íslendingum torsoðttara en innfæddum.

II.

Bjarni Sæmundsson tók við náttúrusögukenslunni í Latínuskólanum af dr. Þorvaldi Thoroddsen, og kendi svo nokkur ár, að honum var ekki veitt embættið, og hann varð að fresta að ganga í hjónaband (en hafði verið trúlofaður frá því áður en hann sigldi til náms). Verður varla hjá því komist, að líta svo á, sem niðst hafi verið á Bjarna, með því að veita honum ekki embættið fyrir, með fullum launum (ekki meiri en þau voru!), þar sem vita mátti, að Þorvaldur Thoroddsen mundi aldrei að skólanum komast aftur. Var það „draumur“ þessa mikla fræðimanns og rithöfundar — og síst láandi — að geta sest að í Kaupmannahöfn og gefið sig allan við ritstörfum sínum. Það er ekki ofmælt um Þorv. Thoroddsen, að hann hafi verið ritsnillingur, en einnig Bjarni Sæmundsson var ágætur rithöfundur, og virtist þó nokkur tvísýna á fyrst, hvort svo mundi verða, og svo sem danskan hefði náð meiri tökum á ritmáli hans en heppilegt er. Hefir svo fleirum farið, og síst undarlegt um mann sem árum saman varð að tala og lesa dönsku mest, og náms síns vegna hlaut að umgangast danska stúdenta meir en landa sína. En Bjarni náði sjer fljótt og vel.

III.

Íslenska þjóðin er í þakarskuld við Bjarna Sæmundsson ekki síst fyrir hin 3 þykku bindi hans um íslensk spendýr, fiska og fugla. Man jeg eftir að Bjarni sagði við mig eitthvert sinn, er hann var að semja þetta síðasta mikla rit sitt, að hann væri nú eiginlega enginn fuglafræðingur. Gerði hann þar þó mikils til of lítið úr þekkingu sinni, eins og sjá má af því, að þegar jeg bað hann að fræða mig um íslenska máfa, taldi hann viðstöðulaust upp 11 tegundir þeirra fugla, og kunni margt af þeim að segja. Ýmsir þeirra fugla sem hjer sjást annars sjaldan, heim-sóttu Bjarna í hinum fagra trjágarði hans, og hefir hann sitthvað ritað um þessa gesti sína.

IV.

Mjer virðist því fjarri fara, að Bjarni Sæmundsson hafi um sína daga verið eins mikils metinn og hann átti skilið. Má hafa það til marks, að honum, er mundi sem prófessor í dýrafræði hafa verið Háskóla Íslands til sóma, skyldi ekki vera veitt prófessorsnafnbót. Vakti jeg máls á þessu oftár en einu sinni, að mig minnir, því að mjer þótti sem fáir íslenskir mentamenn munu eiga þann heiður skilið honum fremur. Gat Bjarni þess við mig eitthvert sinn,

að sjer þætti þetta ekki miklu skifta. En jeg gat þar ekki verið á sama máli. Það stendur ekki á sama, hvort menn eru í meiri eða minni metum hjá samtíðarmönnum sínum, en slíkt fer vanalega — eins og raunar við er að búast — meir eftir því hver viðurkenning þeim hefir hlotnast, heldur en sjálfsmati almennings á verðleikum þeirra. Það þætti nokkuð úr íslenskri vandrækslu, að Bjarni var — 62 ára gamall — kjörinn heiðursdoktor háskólans í Kaupmannahöfn. Mun þar hafa notið við drengskapar Adolfs Jensens, sem var námsfjelagi Bjarna og vinur og um mörg ár prófessor í dýrafræði við háskólann.

Skaða tel jeg það, að Bjarni Sæmundsson skyldi ekki fylgja dæmi æskufjelaga síns og frænda, Daníels Daníelssonar, og rita ævisögu sína. Sjálfsævisögur tel jeg með fróðlegustu bókum, og vitanlega þá einkum, ef um er að ræða mjög mikilsverðan, mentaðan og ríffæran mann eins og Bjarni Sæmundsson var.

13. nóv.

Helgi Pjeturss.